

Fundargerð 24. október 2017

Stjórn foreldrafélags Hrafnagilsskóla

Mættir: Sigríður Hrefna Pálsdóttir, Elín Halldórsdóttir, Benjamín Örn Davíðsson og Ingibjörg Ósk Pétursdóttir – Valur Ásmundsson var erlendis.

Fundur byrjaði 20:30

1. Aldísarlundur: Þriðji veturinn þar sem foreldrafélagið er að vinna í Aldísarlundi. Það sem liggur fyrir að þurfi að gera er að moka malarhaug inn í nýja skýlið og jafna svo hægt sé að koma upp bekkjum og eldstæði. Benni er búinn að fá vilyrði hjá sveitarfélaginu fyrir því sem vantar til að klára nýja skýlið sem er flettiefni og net, það kostar um hundraðþúsund. Benni ætlar að athuga hvort nemendur skólans geti mokað mölinni.

2. Fyrirlestrar: Elín velti fyrir sér hvaða fyrirlestrar hafi verið í gegnum tíðina. Elín kom með hugmynd að einum fyrirlestri en fyrirlesari sá er Markþjálfari og heitir Matti Ósvald. Þá gætu foreldrar og börn jafnvel mætt saman. Elín ætlar að hafa samband kanna málið.

3. Fjárhagsáætlun og skólalóðin: Algjörlega nauðsynlegt að fara í skólalóðina!! Búin að vera á teikniborðinu í allavega 15 ár. Við skoðuðum könnum sem gerð var meðal nemenda á síðasta skólaári en þar kom meðal annars fram að mikil eftirspurn er eftir fleiri leiktækjum á lóðinn, kastali og klifurgrind voru efst á lista. Send verður ítrekun á sveitarstjórnina í framhaldi af fundum og innsendum tillögum.

4. Póstur frá Hrund: Póstur barst frá Hrund þar sem skólinn vildi fá álit foreldra á fyrirhuguðu Hrekkjavökuballi 1. nóvember fyrir 1. til 4. bekk. Þetta er fjóröflun fyrir 10. bekk en ballið yrði kl. 14-15.30 og nemendur kæmu heim með seinni skólabílunum. Rætt og samþykkt.

5. Stefnumál Hrafnagilsskóla vantar varðandi notkun samfélagsmiðla: Miðlum fjölgar þar sem þarf að fylgjast með. Endilega samræma stefnu varðandi þessi mál innan skólans. Stjórn foreldrafélagsins ætlar að kalla eftir stefnumörkun Hrafnagilsskóla.

6. Foreldrar og börn hafa fundið fyrir því að einhverjir kennarar setja út á það þegar nemendur fara úr tíma hjá þeim til að fara í tónlistartíma. Stjórn foreldrafélagsins mun kalla eftir sátt og samvinnu á milli grunnskólans og tónlistarskólans og að hnökrar verði leystir.

7. Fundur með bekkjarfulltrúum: Boða þessa aðila á fund og kynna starfið. Yfirleitt hefur verið slegið saman í jólaföndurundirbúningsfund og þennan fund með bekkjarfulltrúum. Unglingastigsfulltrúar hafa ekki mætt vel, kannski vegna þess að unglingsstigið hefur yfirleitt ekki verið í föndrinu. Núna leggur Sigga til að hafa þessa fundi aðskilda. Það var ekki samþykkt. Fundurinn verið haldinn 15. nóvember kl. 20.30 á kaffistofunni á Hrafnagilsskóla.

Fundi slitið. 21:53